

Norræn ráðstefna í öldrunarfræðum, fróðleiksmolar um heilabilun.

25. norræna ráðstefnan í öldrunarfræðum var haldin í Reykjavík dagana 2.-4. júní sl. Það er þó ofmælt að hún hafi verið “haldin í Reykjavík” því vegna faraldursins voru flestir fyrirlesarar staddir heima hjá sér og allt efni flutt á netinu. Um fimm hundruð manns skráðu sig og efnið var mjög fjölbreytt. Meira var fjallað um heilabilun en á fyrri ráðstefnum af þessu tagi og verður hér greint frá nokkrum niðurstöðum sem kynnar voru á ráðstefnunni og gætu skipt máli hér á landi.

- Margrét Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur og doktorsnemi kynnti fyrri hluta verkefnis síns en hún fylgdi eftir nokkrum einstaklingum með heilabilun og fjölskyldum þeirra. Hún lýsti því hvernig fjölskyldur bregðast ólíkt við þegar fjölskyldumeðlimur greinist með Alzheimer sjúkdóm. Niðurstöðurnar hafa m.a. leitt til þess að minnismóttakan á Landakoti breytti vinnubrögðum sínum og hefur nú meira frumkvæði við að fylgja fólki eftir en áður.
- Lyf sem nú eru notuð við Alzheimer sjúkdómi þykja ekki áhrifamikil. Úrvinnsla úr gögnum úr SweDem, sem er stór gagnabanki í Svíþjóð, sýndi þó að til lengri tíma er heilsa þeirra sem fá lyfin betri en hinna, þeir fá sjaldnar heilablóðfall og hjartaáföll, standa sig betur á minnisprófum, þurfa síður sterk geðlyf og þróa síður alvarlega heilabilun [1]. Það er einnig einhver munur á áhrifum lyfjanna þriggja sem notuð eru bæði hvað varðar verkun og aukaverkanir. Þetta er stærsta og lengsta rannsókn í heiminum af þessu tagi.
- Fjölstöðva rannsókn á vegum samstarfsnets norrænna minnismóttaka (NIDD) fylgdi eftir einstaklingum sem fengu greiningarnar “upplifað minnistap” eða “væg vitræn skerðing” í liðlega fimm ár. Það reyndist vera mikill munur á þessum tveimur hópum. Um 16% þeirra sem voru með upplifað minnistap voru komin með heilabilun fimm árum síðar en liðlega 70% þeirra sem greindust með væga vitræna skerðingu [2]. Almenn áhætta á þessum aldri er um 10% á fimm árum. Þetta segir okkur að það er varla ástæða til að fylgja eftir þeim sem upplifa minnisskerðingu en hafa engar mælanlegar breytingar. Greininguna “væg vitræn skerðing” ber hins vegar að taka alvarlega, kanna vel orsakir og jafnvel þó engar finnast er samt rétt að fylgja viðkomandi einstaklingum eftir næstu ár. Íslensk rannsókn á framvindu í vægri vitrænni skerðingu bendir í sömu átt en var ekki kynnt á ráðstefnunni því niðurstöðurnar voru ekki tilbúnar.

- Rannsókn frá suður Svíþjóð gaf þó aðra mynd en efniviðurinn var allt annar. Liðlega 3000 manns eldri en 60 ára var boðið til þátttöku í umfangsmikilli rannsókn. Þeim sem fengu greininguna “Væg vitræn skerðing” var fylgt eftir í 6 ár. Tæplega helmingur þeirra hafði versnað sem er minna en hin rannsóknin sýndi. Ljóst er að margir þessara hefðu aldrei komið ótilkvaddir til skoðunar á minnismóttöku og því eru þessar rannsóknir ekki samanburðarhæfar þótt formleg greining hafi verið hin sama.
- Norræni NIDD hópurinn hefur skoðað hvernig aðferð við greiningu með heilaritum nýtist. Það er íslenska fyrirtækið Mentis Cura sem hefur þróað aðferðina sem virðist gefast vel, einkum ef niðurstaðan er túlkuð með samhliða úrlestri úr segulómun af heila og útkomu úr fáeinum minnisverkefnum. Þessi aðferð er einfaldari í framkvæmd og ódýrari en flestar aðrar sem notaðar eru í sama tilgangi og auk þess óþægindalítill.

Heimildir

1. Hong Xu, Sara Garcia-Ptacek, Linus Jönsson, Anders Wimo, Peter Nordström and Maria Eriksson. Long-term Effects of Cholinesterase Inhibitors on Cognitive Decline and Mortality. *Neurology* 2021;96(17): e2220-22230. doi: 10.1212/WNL.0000000000011832
2. Knut Engedal, Maria L. Barca, Peter Høgh, Birgitte-Bo Andersen, Nanna W. Dombernowsky, Mala Naik, Thorkell E. Gudmundsson, Anne-Rita Øksengaard, Lars-Olof Wahlund and Jon Snaedal. The Power of EEG to Predict Conversion from Mild Cognitive Impairment and Subjective Cognitive Decline to Dementia. *Dem Ger Cogn Disord* 2020; 49(1): 38-47. doi: 10.1159/000508392